

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 350/2011

2012/EES/32/16

frá 11. apríl 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1251/2008 að því er varðar kröfur varðandi setningu á markað á Kyrrahafsostrum sem senda á til aðildarríkja eða hluta þeirra sem falla undir landsráðstafanir sem varða ostruherpesveiru 1 þvar (OsHV-1 þvar) og voru samþykktar með ákvörðun 2010/221/ESB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 61. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 frá 12. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja ⁽²⁾ er mælt fyrir um kröfur varðandi setningu á markað, þ.m.t. kröfur um dýraheilbrigðisvottorð, fyrir flutninga á lagareldisdýrum til svæða sem falla undir landsákvæði sem samþykkt eru með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB frá 15. apríl 2010 um samþykki á landsráðstöfunum til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 43. gr. tilskipunar ráðsins 2006/88/EB ⁽³⁾.
- 2) Síðan 2008 hefur aukinnar dánartíðni hjá Kyrrahafsostrum (*Crassostrea gigas*) orðið vart á ýmsum svæðum á Írlandi, í Frakklandi og Bretlandi. Faraldsfræðilegar rannsóknir sem gerðar voru 2009 bentu til þess að nýlega uppgötvaður stofn herpesveiru 1 í ostrum (OsHV-1), nánar tiltekið OsHV-1 þvar, væri mikilvægur orsakapáttur í auknu dánartíðninni.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 175/2010 frá 2. mars 2010 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar ráðstafanir til að hamla gegn aukinni dánartíðni hjá ostrum af tegundinni *Crassostrea gigas* í tengslum við greiningu herpesveiru 1 þvar í ostrum (OsHV-1 þvar) ⁽⁴⁾ var samþykkt með það að markmiði að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu OsHV-1 þvar. Með reglugerðinni voru innleiddar ráðstafanir til að ná tökum á útbreiðslu þess sjúkdóms og hún gildir til 30. apríl 2011.

- 4) Ákvörðun 2010/221/ESB, eins og henni var nýlega breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/187/ESB ⁽⁵⁾ gerir aðildarríkjum, sem tilgreind eru í III. viðauka við hana, kleift að setja skilyrði fyrir setningu á markað að því er varðar flutning Kyrrahafsostra til svæða sem falla undir viðurkenndar eftirlitsáætlanir, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að OsHV-1 þvar berist til þessara svæða. Til glöggvunar og einföldunar á löggjöf Sambandsins skal mæla fyrir um skilyrðin fyrir viðkomandi setningu á markað í reglugerð (EB) nr. 1251/2008.
- 5) Til að koma í veg fyrir að OsHV-1 þvar berist inn í aðildarríki eða hluta þeirra, sem tilgreind eru í III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB, skulu sendingar Kyrrahafsostra, sem senda á til eldis- eða umlagningarsvæða og afgreiðslustöðva, hreinsunarstöðva eða svipaðra fyrirtækja áður en þær eru notaðar til manneldis, sem fluttar hafa verið inn í slík aðildarríki eða hluta þeirra, koma frá svæði þar sem heilbrigðisástand er sambærilegt.
- 6) Til að tryggja að þessum kröfum sé fylgt eftir skal dýraheilbrigðisvottorð, sem veitir nauðsynlegar staðfestingar, fylgja slíkum sendingum.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1251/2008 til samræmis við það.
- 8) Rétt er að kveða á um umbreytingarráðstafanir til að gera aðildarríkjunum og iðnaðinum kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 9) Til að komast hjá frekari útbreiðslu OsHV-1 þvar skal þessi reglugerð öðlast gildi strax næsta dag og reglugerð (ESB) nr. 175/2010 fellur úr gildi.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1251/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað ii. liðar b-liðar 1. gr. komi eftirfarandi:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 97, 12.4.2011, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (biður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 41.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 98, 20.4.2010, bls. 7.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 52, 3.3.2010, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 80, 26.3.2011, bls. 15.

„ii. lagareldisdýr sem ætluð eru til eldis, á umlagningar svæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagadýr og til endurnýjunar stofna, í afgreiðslustöðvar, hreinsunarstöðvar og svipuð fyrirtæki áður en þau eru notuð til manneldis í aðildarríkjum og hlutum þeirra með landsráðstöfunum sem samþykktar voru með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB (*),“

(*) Stjtið. ESB L 98, 20.4.2010, bls. 7.

2) Í a-lið 1. mgr. 8. gr. a bætist við eftirfarandi iii. liður:

„iii. III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB, sem falla undir eftirlitsáætlun eins eða fleiri sjúkdóma sem tilgreindir eru í fyrsta dálki töflunnar,“

3) Eftirfarandi 8. gr. b bætist við:

„8. gr. b

Lifandi lindýr sem ætluð eru í afgreiðslustöðvar, hreinsunarstöðvar eða svipuð fyrirtæki áður en þau eru notuð til manneldis í aðildarríkjum eða hlutum þeirra með landsráðstöfunum sem samþykktar voru með ákvörðun 2010/221/ESB

1. Sendingum lifandi lindýra, sem ætluð eru í hreinsunarstöðvar, afgreiðslustöðvar eða svipuð fyrirtæki áður en þau eru notuð til manneldis, skal fylgja dýraheilbrigðisvottorð sem fyllt er út í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í B-hluta II. viðauka og skýringarnar sem settar eru fram í V. viðauka ef dýrin:

a) eru flutt inn í aðildarríki eða hluta þeirra, sem taldir eru upp í öðrum og fjórða dálki töflunnar sem sett er fram í III. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB, sem falla undir eftirlitsáætlun fyrir einn eða fleiri af sjúkdómunum sem tilgreindir eru í fyrsta dálki töflunnar,

b) eru af tegund sem tilgreind er í C-hluta II. viðauka, sem er næm fyrir sjúkdómi eða sjúkdómum sem falla undir eftirlitáætlun í samræmi við ákvörðun 2010/221/ESB, eins og um getur í a-lið.

2. Sendingar lifandi lindýra, sem um getur í 1. mgr., skulu vera í samræmi við þær dýraheilbrigðiskröfur sem

settar er fram í fyrirmyndinni að dýraheilbrigðisvottorðinu og skýringunum eins og um getur í þeirri málsgrein.

3. Þessi grein gildir ekki um sendingar sem ætlaðar eru fyrir afgreiðslustöðvar, hreinsunarstöðvar eða svipuð fyrirtæki sem eru búin frárennslis-hreinsunarkerfi sem viðkomandi, lögbært yfirvald hefur vottað að:

a) geri hjúpaðar veirur óvirkar eða

b) dragi úr hættu á að sjúkdómar berist í náttúrulegt vatn svo að viðunandi teljist.“

4) Í stað II. viðauka komi texti viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Á umbreytingartímabili, sem stendur til 15. maí 2011, er heimilt að setja sendingar Kyrrahafsostra, sem hafa meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð sem gefið er út í samræmi við A-hluta eða B-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 áður en breytingarnar, sem eru innleiddar með þessari reglugerð, taka gildi, ásamt dýraheilbrigðisvottorði sem gefið er út í samræmi við II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 175/2010, á markað að því tilskildu að þær verði komnar á áfangastað fyrir þann dag.

2. Á umbreytingartímabili, sem stendur til 1. júlí 2012, er heimilt að halda áfram að setja sendingar lagareldisdýra, sem hafa meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð sem gefið er út í samræmi við A-hluta eða B-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 áður en breytingarnar, sem innleiddar eru með þessari reglugerð, taka gildi, á markað að því tilskildu að dýraheilbrigðisvottun, að því er varðar OsHV-1 μvar sem sett er fram í II. hluta þessara vottorða, eigi ekki við og að dýrin verði komin á áfangastað fyrir þann dag.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. maí 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. apríl 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI
 „II. VIÐAUKI
 A-HLUTI

Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði til notkunar við setningu lagareldisdyra á markað til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna

EVROPUSAMBANDIÐ

Vottorð vegna viðskipta innan Bandalagsins

I. hluti: Upplýsingar um sendingu	I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a. Tilvísunarnúmer staðar		
			I.3. Lögbært stjórnvald				
			I.4. Lögbært staðaryfirvald				
	I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer		I.6.				
			I.7.				
	I.8. Upprunaland		ISO-kóði	I.9.		I.10. Viðtökuland	ISO-kóði
						I.11.	
	I.12. Upprunastaður		Samþykkt lagareldisstöð <input type="checkbox"/>		I.13. Ákvörðunarstaður		Samþykkt lagareldisstöð <input type="checkbox"/>
	Heiti Heimilisfang Póstnúmer		Samþykkisnúmer Annað <input type="checkbox"/>		Heiti Heimilisfang Póstnúmer		Samþykkisnúmer Annað <input type="checkbox"/>
	I.14. Fermingarstaður Póstnúmer				I.15. Brottfarardagur og tími		
I.16. Flutningataeki Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/> Auðkenning				I.17. Flutningsaðili Heiti Heimilisfang Póstnúmer		Samþykkisnúmer Aðildarríki	
I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (ST-kóði)			
				I.20. Magn			
I.21.				I.22. Fjöldi pakkinga			
I.23. Nr. innsiglis/gáms				I.24. Tegund umbúða			
I.25. Vara sem er vottuð: Til undaneldis <input type="checkbox"/> Til endurnýjunar veiðidýrastofns <input type="checkbox"/> Til umlagningar <input type="checkbox"/> Sem gæludýr <input type="checkbox"/> Í sóttkví <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/>							
I.26. Umflutningur um þriðja land: <input type="checkbox"/> Þriðja land Brottfararstaður Komustaður		ISO-kóði Kóði Nr. skoðunarstöðvar	I.27. Umflutningur um aðildarríki <input type="checkbox"/> Aðildarríki Aðildarríki Aðildarríki		ISO-kóði ISO-kóði ISO-kóði		
I.28. Útflutningur <input type="checkbox"/> Þriðja land Brottfararstaður		ISO-kóði Kóði	I.29.				
I.30.							
I.31. Auðkenning vörunnar Tegund (vísindaheiti)				Magn			

Setning lagareldisdýra á markað til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna

EVROÐUSAMBANDIÐ

	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II. b.	
II. hluti: Vottorð	II.1. Almennar kröfur			
		Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur í I. hluta þessa vottorðs:		
	II.1.1	<i>annaðhvort</i>	(¹)[hafa verið skoðuð innan (¹)(²)[72] (¹)[24] klukkustunda frá fermingu og sýna engin klínísk sjúkdómseinkenni]	
		<i>eða</i>	(¹)[ef um er að ræða hrogn og lindýr: koma frá eldisstöð eða lindýraeldissvæði þar sem ekkert bendir til að sjúkdómar séu vandamál samkvæmt skrár eldisstöðvarinnar eða lindýraeldissvæðisins]	
		<i>eða</i>	(¹)(³)[ef um er að ræða villt lagardýr: eru klínískt heilbrigð samkvæmt minni bestu vitneskju],	
	II.1.2	eru ekki í banni vegna aukinnar dánartíðni sem ekki hefur fundist skýring á,		
	II.1.3	eru hvorki ætluð til eyðingar né slátrunar vegna upprætingar á sjúkdómum,		
	II.1.4	uppfylla kröfur um setningu á markað sem mælt er fyrir um í tilskipun 2006/88/EB,		
	II.1.5	(¹)[ef um lindýr er að ræða: sættu einstaklingsbundinni, sjónrænni skoðun á öllum hlutum sendingarinnar og ekki fundust aðrar lindýrategundir en þær sem voru tilgreindar í I. hluta þessa vottorðs.]		
	II.2	(¹)(⁴)(⁵)[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir veirublæði, iðradrepi, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, marteliuveiki, ostruveiki (<i>Bonamia ostreae</i>) og/eða hvítblettaveiki		
		Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur hér að ofan:		
		<i>annaðhvort</i>	(¹)(⁶)eigi uppruna sinn í aðildarríki, á svæði eða í hólfi sem lýst hefur verið laust við (¹)[veirublæði] (¹)[iðradrep] (¹)[blóðþorra] (¹)[skjónakarpaherpesveiki] (¹)[marteliuveiki] (¹)[ostruveiki (<i>Bonamia ostreae</i>)] (¹)[hvítblettaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB.]	
		<i>eða</i>	(¹)(⁵)(⁶)[ef um er að ræða villt lagardýr: hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB.]]	
	II.3	(¹)(⁷)[Kröfur vegna tegunda sem eru smitferjur fyrir veirublæði, iðradrepi, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, marteliuveiki, ostruveiki (<i>Bonamia ostreae</i>) og/eða hvítblettaveiki		
		Ég, undirritaður opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur hér að ofan sem líta skal á sem hugsanlegar smitferjur fyrir (¹)[veirublæði] (¹)[iðradrep] (¹)[blóðþorra] (¹)[skjónakarpaherpesveiki] (¹)[marteliuveiki] (¹)[ostruveiki (<i>Bonamia ostreae</i>)] (¹)[hvítblettaveiki] þar eð þær eru á meðal tegunda sem eru taldar upp í 2. dálki og uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 3. dálki töflunnar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008:		
	<i>annaðhvort</i>	(¹)(⁶)eigi uppruna sinn í aðildarríki, á svæði eða í hólfi sem lýst hefur verið laust við (¹)[veirublæði] (¹)[iðradrep] (¹)[blóðþorra] (¹)[skjónakarpaherpesveiki] (¹)[marteliuveiki] (¹)[ostruveiki (<i>Bonamia ostreae</i>)] (¹)[hvítblettaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB.]		
	<i>eða</i>	(¹)(⁶)(⁷)[hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB.]]		
II.4	Kröfur um flutning og merkingar			
	Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að:			
II.4.1	lagareldisdýrin, sem um getur hér að ofan,			
	i.	eru geymd við aðstæður, m.a. með tilliti til vatnsgæða, sem breyta ekki heilbrigðisástandi þeirra,		
	ii.	eins og við á, standast almenn skilyrði fyrir flutningi dýra sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1/2005,		

Setning lagareldisdýra á markað til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II. b.
II.4.2	flutningagámurinn eða brunnbáturinn er hreinn og sóttgreinsaður eða hefur ekki verið notaður áður og		
II.4.3	sendingin er auðkennd með læsilegum merkimiða utan á gáminum, eða, ef sendingin er flutt með brunnbát, í farmskrá skipsins, með viðeigandi upplýsingum sem um getur í reitum I.8 til I.13 í I. hluta þessa vottorðs, og með eftirfarandi yfirlýsingu:		
	<i>annaðhvort</i>	⁽¹⁾ [„ ⁽¹⁾ [Villt(ir)] ⁽¹⁾ [Fiskar] ⁽¹⁾ [lindýr] ⁽¹⁾ [krabbadýr] sem eru ætluð til eldis í Evrópusambandinu“],	
	<i>eða</i>	⁽¹⁾ [„ ⁽¹⁾ [Villt] ⁽¹⁾ [lindýr] sem eru ætluð til umlagningar í Evrópusambandinu“],	
	<i>eða</i>	⁽¹⁾ [„ ⁽¹⁾ [Villt(ir)] ⁽¹⁾ [fiskar] ⁽¹⁾ [lindýr] ⁽¹⁾ [krabbadýr] sem eru ætluð til notkunar í sleppivötnum í Evrópusambandinu“],	
	<i>eða</i>	⁽¹⁾ [„ ⁽¹⁾ [Villt(ir)] ⁽¹⁾ [skrautfiskar] ⁽¹⁾ [skrautlindýr] ⁽¹⁾ [skrautkrabbadýr] sem eru ætluð í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr í Evrópusambandinu“],	
	<i>eða</i>	⁽¹⁾ [„ ⁽¹⁾ [Fiskar] ⁽¹⁾ [lindýr] ⁽¹⁾ [krabbadýr] sem eru ætluð til endurnýjunar stofna í Evrópusambandinu“],	
	<i>eða</i>	⁽¹⁾ [„ ⁽¹⁾ [Villt(ir)] ⁽¹⁾ [Fiskar] ⁽¹⁾ [lindýr] ⁽¹⁾ [krabbadýr] sem eru ætluð í sóttkví í Evrópusambandinu“],	
II.5	⁽¹⁾(⁸)[Vottun fyrir sendingar sem koma frá svæði sem fellur undir sjúkdómsvarnarráðstafanir eins og kveðið er á um í 3. til 6. þætti V. kafla tilskipunar 2006/88/EB		
	Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að:		
II.5.1	dýrin sem um getur hér að ofan eru upprunnin á svæði sem fellur undir sjúkdómsvarnarráðstafanir er varða ⁽¹⁾ [húðsveppadrep] ⁽¹⁾ [blóðmyndandi drep] ⁽¹⁾ [veirublæði] ⁽¹⁾ [iðradrep] ⁽¹⁾ [blóðþorra] ⁽¹⁾ [skjónakarpaherpes] ⁽¹⁾ [<i>Bonamia exitiosa</i>] ⁽¹⁾ [perkinsusveiki] ⁽¹⁾ [dvergekornadreyra (<i>Mikrocytos mackini</i>)] [marteliuveiki] ⁽¹⁾ [ostruveiki] (<i>Bonamia ostreae</i>) ⁽¹⁾ [rauðhala] ⁽¹⁾ [gulhöfðaveiki] ⁽¹⁾ [hvítblettaveiki] ⁽¹⁾ (⁹) [eftirfarandi nýtilkominn sjúkdóm:],		
II.5.2	setja má dýrin sem um getur hér að ofan á markað samkvæmt varnarráðstöfununum sem mælt er fyrir um, og		
II.5.3	sendingin er auðkennd með læsilegum merkimiða utan á gáminum, eða, ef sendingin er flutt með brunnbát, í farmskrá skipsins, með viðeigandi upplýsingum sem um getur í reitum I.8 til I.13 í I. hluta þessa vottorðs, og með eftirfarandi yfirlýsingu:		
	„ ⁽¹⁾ [Villt(ir)] ⁽¹⁾ [fiskar] ⁽¹⁾ [lindýr] ⁽¹⁾ [krabbadýr] upprunnin á svæði sem fellur undir sjúkdómsvarnarráðstafanir.“.]		
II.6	⁽¹⁾(¹⁰)[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, brisdrepi og sýkingu af völdum roðflyðrusníkils (roðflyðrusýki)		
	Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin, sem um getur hér að ofan,		
	<i>annaðhvort</i>	⁽¹⁾ [eiga uppruna sinn í aðildarríki eða hluta aðildarríkis:	
	<ul style="list-style-type: none"> a) þar sem tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um ⁽¹⁾[vorveiru í vatnakarpa] ⁽¹⁾[roðflyðrusýki] ⁽¹⁾[nýrnaveiki] ⁽¹⁾[brisdrep] og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms, b) þar sem öll lagareldisdýr af tegundum, sem eru næmar fyrir viðkomandi sjúkdómum og flutt eru inn í það aðildarríki eða hluta þess, eru í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í lið II.6 í þessu vottorði, c) þar sem tegundir sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómum hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómum, og 		

EVROPUSAMBANDIÐ

Setning lagareldisdýra á markað til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn, í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II. b.
	d) <i>annaðhvort</i>	(¹)[uppfylla kröfur er varða sjúkdómaleysi jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í VII. kafla í tilskipun 2006/88/EB ef um er að ræða (¹)[brisdrep] (¹)[nýrnaveiki].]	
	<i>og/eða</i>	(¹)[uppfylla kröfur um sjúkdómaleysi sem mælt er fyrir um í viðeigandi staðli Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunar innar ef um er að ræða (¹)[vorveiru í vatnakarpa] (¹)[roðflyðrusýki].]	
	<i>og/eða</i>	(¹)[sem, [ef um er að ræða (¹)[vorveiru í vatnakarpa] (¹)[brisdrep] (¹)[nýrnaveiki], nær yfir staka eldisstöð sem undir eftirliti lögbærs yfirvalds:	
		i. hefur verið tæmd, hreinsuð og sóttþreinsuð og sett í hvíld í a.m.k. 6 vikur,	
		ii. þar sem endurnýjun stofna hefur farið fram með dýrum frá svæðum sem lögbært yfirvald hefur vottað að séu laus við viðkomandi sjúkdóm.]]	
<i>og/eða</i>	(¹)[ef um er að ræða villt lagardýr, sem eru næm fyrir (¹)[vorveiru í vatnakarpa] (¹)[brisdrep] (¹)[nýrnaveiki], sem hafa verið sett í sóttkví við aðstæður sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er um fyrir í ákvörðun 2008/946/EB.]		
<i>og/eða</i>	(¹)[ef um er að ræða sendingar sem kröfur varðandi roðflyðrusýki gilda um sem hafa, rétt fyrir setningu á markað, verið a.m.k. 14 daga samfleytt í vatni þar sem seltan er a.m.k. 25 prómill og engin önnur lifandi lagardýr af tegundum, sem eru næmar fyrir roðflyðrusýki, hafa verið flutt þangað á tímabilinu.]		
<i>og/eða</i>	(¹)[ef um er að ræða augnhrogn, sem kröfur varðandi roðflyðrusýki gilda um, og sem hafa verið sóttþreinsuð með aðferð sem sýnt hefur verið fram á að sé árangursrík gegn roðflyðrusýki.]]		
II.7	(¹)(¹)[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir OsHV-1 þvar		
	Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin, sem um getur hér að ofan,		
<i>annaðhvort</i>	⁽¹⁾ [eiga uppruna sinn í aðildarríki eða hólfi:		
	a)	þar sem ber að tilkynna lögbæra yfirvaldinu um OsHV-1 þvar og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms,	
	b)	þar sem öll lagareldisdýr, sem eru smitnæm fyrir OsHV-1 þvar og flutt eru inn í aðildarríki eða hólfi, eru í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í lið II.7 í þessu vottorði,	
	c) <i>annaðhvort</i>	⁽¹⁾ [þar sem farið er að kröfum um sjúkdómaleysi sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í VII. kafla tilskipunar (2006/88/EB),]	
	<i>og/eða</i>	⁽¹⁾ [sem, ef um er að ræða sendingar sem eru ætlaðar fyrir aðildarríki eða hólfi sem fellur undir áætlun sem var samþykkt með ákvörðun 2010/221/ESB, falla einnig undir eftirlitsáætlun sem samþykkt var með ákvörðun 2010/221/ESB.]	
<i>og/eða</i>	⁽¹⁾ [hafa verið sett í sóttkví við aðstæður sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.]		
Athugasemdir			
I. hluti:			
– Reitur I.12: Ef við á skal nota leyfisnúmer viðkomandi eldisstöðvar eða lindýraeldissvæðis. Merkið við „annað“ ef um villt lagardýr er að ræða.			
– Reitur I.13: Ef við á skal nota leyfisnúmer viðkomandi eldisstöðvar eða lindýraeldissvæðis. Merkið við „annað“ ef þau eru ætluð til endurnýjunar stofna.			
– Reitur I.19: Nota skal viðeigandi ST-kóða: 0301, 0306, 0307, 030110 eða 030270.			
– Reitur I.20 og I.31: Magnið er gefið upp sem heildarfjöldi.			
– Reitur I.25: Merkið við „Til undaneldis“ ef dýrin eru ætluð til eldis, „Til umlagningar“ ef þau eru ætluð til umlagningar, „Sem gæludýr“ ef þau eru ætluð í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr, „Til endurnýjunar veiðidýrastofns“ ef þau eru ætluð til endurnýjunar stofna, „Í sóttkví“ ef lagareldisdýrin eiga að fara í sóttkví, og „Annað“ ef þau eiga að fara í sleppivötn.			
II. hluti:			
1) Strikið út það sem á ekki við.			
2) Val á 24 klukkustundum á einungis við um sendingar lagareldisdýra sem vottorð verður að fylgja skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008 og sem lögbært yfirvald leyfir, í samræmi við kröfur í tilskipun 2006/88/EB um setningu á markað, að séu flutt út af svæði sem fellur undir eftirlitsákvæði sem kveðið er á um í 3. til 6. þætti V. kafla tilskipunar 2006/88/EB eða frá aðildarríki, svæði eða hólfi með áætlun um útrýmingu sem samþykkt hefur verið í samræmi við 2. mgr. 44. gr. þeirrar tilskipunar. Í öllum öðrum tilvikum á 72 klukkustunda kosturinn við.			

**Setning lagareldisdýra á markað til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn,
í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr og til endurnýjunar stofna**

EVROPUSAMBANDIÐ

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II. b.
<p>3) Á einungis við um sendingar lagareldisdýra sem veidd voru úti í náttúrunni og undir eins flutt á eldisstöð eða lindýraeldissvæði án þess að vera sett í tímabundna geymslu.</p> <p>4) Liður II.2 í þessu vottorði á við um tegundir sem eru smitnæmar fyrir einum eða fleiri af sjúkdómunum sem um getur í yfirskriftinni. Smitnæmar tegundir eru taldar upp í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.</p> <p>5) Setja má sendingar villtra lagardýra á markað þrátt fyrir kröfurnar sem settar eru fram í lið II.2 í þessu vottorði, ef dýrin eiga að fara í sóttkví sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.</p> <p>6) Til að leyfi fáist fyrir flutningi inn í aðildarríki, svæði eða hólfi sem lýst hefur verið laust við veirublæði, iðradrep, blóðþorra, skjónakarpahepsevæði, marteliuveiki, ostruveiki (<i>Bonamia ostreae</i>) eða hvítblettaveiki, eða er með eftirlitsáætlun eða áætlun um útrýmingu sem komið var á fót í samræmi við 1. eða 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB, verður að vera hægt að framvísa einni af þessum yfirlýsingum ef sendingin inniheldur tegundir sem eru næmar eða smitferjur fyrir sjúkdóm(a) sem sjúkdómaleysið eða áætlunin gildir um. Gögn um sjúkdómastöðu hvernar eldisstöðvar og lindýraeldissvæðis í Sambandinu eru aðgengileg á vefslóðinni http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/aquaculture/index_en.htm</p> <p>7) Liður II.3 í þessu vottorði á við um tegundir sem eru smitferjur fyrir einum eða fleiri af sjúkdómunum sem um getur í yfirskriftinni. Hugsanlegar smitferjur eru taldar upp í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008, ásamt því við hvaða skilyrði skuli líta svo á að sendingar slíkra tegunda séu smitferjur. Setja má sendingar hugsanlegra tegunda smitferja á markað þrátt fyrir kröfurnar í lið II.3 ef skilyrðin, sem sett eru fram í 4. dalki töflunnar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008, hafa ekki verið uppfyllt eða ef þær eiga að fara í sóttkví sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.</p> <p>8) Liður II.5 í þessu vottorði á við um sendingar lagareldisdýra sem vottorð verður að fylgja skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008 og sem lögbært yfirvald leyfir, í samræmi við kröfur í tilskipun 2006/88/EB um setningu á markað, að séu flutt út af svæði sem fellur undir eftirlitsákvæði sem kveðið er á um í 3. til 6. þætti V. kafla tilskipunar 2006/88/EB eða frá aðildarríki, svæði eða hólfi með áætlun um útrýmingu sem samþykkt hefur verið í samræmi við 2. mgr. 44. gr. þeirra tilskipunar.</p> <p>9) Á við þegar ráðstafanir eru gerðar í samræmi við 41. gr. tilskipunar 2006/88/EB.</p> <p>10) Liður II.6 í þessu vottorði gildir eingöngu um sendingar, sem ætlaðar eru fyrir aðildarríki eða hluta aðildarríkis sem talinn er laus við sjúkdóma, eða þar sem samþykkt hefur verið áætlun í samræmi við ákvörðun 2010/221/ESB varðandi vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, brisdrep eða roðflyðrusýki og sendingin samanstendur af tegundum sem eru taldar upp í C-hluta II. viðauka sem næmar fyrir þeim sjúkdómi eða sjúkdómum sem sjúkdómslausa staðan eða áætlanir gilda um.</p> <p>Liður II.6 skal einnig gilda um sendingar allra fisktegunda sem koma af vatnasvæði þar sem fyrir eru tegundir sem tilgreindar eru í C-hluta II. viðauka sem næmar fyrir sýkingu af völdum roðflyðrusníkils, þar sem sendingarnar er ætlaðar aðildarríki eða hluta þess sem tilgreindur er í I. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB sem laus við roðflyðrusníkil.</p> <p>Setja má sendingar villtra lagardýra, þar sem kröfur vegna vorveiru í vatnakarpa, brisdrep og/eða nýrnaveiki eiga við, á markað þrátt fyrir kröfurnar sem settar eru fram í lið II.6 í þessu vottorði ef sendingarnar eiga að fara í sóttkví sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.</p> <p>11) Liður II.7 í þessu vottorði gildir eingöngu um sendingar, sem ætlaðar eru fyrir aðildarríki eða hólfi sem talið er laust við sjúkdóma, eða þar sem samþykkt hefur verið áætlun í samræmi við ákvörðun 2010/221/ESB varðandi OsHV-1 þvar og sendingin samanstendur af tegundum sem eru taldar upp í C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 sem næmar fyrir OsHV-1 þvar.</p> <p>Kröfurnar sem settar eru fram í lið II.7 gilda ekki um sendingar sem eiga að fara í sóttkví í aðstöðu sem samræmist kröfum sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.</p>		
Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður		
<p>Nafn (með hástöfum):</p> <p>Staðbundin dýralæknaeining:</p> <p>Dagsetning:</p> <p>Stimpill:</p>		<p>Menntun, hæfi og titill:</p> <p>Númer dýralæknaeiningar:</p> <p>Undirskrift:</p>

B-HLUTI

Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði til notkunar við setningu lagareldisdýra eða afurða þeirra á markað, sem ætlaðar eru til frekari vinnslu, í afgreiðslustöðvar og hreinsunarstöðvar og svipuð fyrirtæki fyrir neyslu

EVROPUSAMBANDIÐ

Vottorð vegna viðskipta innan Bandalagsins

I. hluti: Upplýsingar um sendingu	I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a. Tilvísunarnúmer staðar		
			I.3. Lögbært stjórnvald				
			I.4. Lögbært staðaryfirvald				
	I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer		I.6.				
			I.7.				
	I.8. Upprunaland		ISO-kóði	I.9.		I.10. Viðtökuland	ISO kóði
	I.12. Upprunastaður		Samþykkt lagareldisstöð <input type="checkbox"/>		I.13. Ákvörðunarstaður		Samþykkt lagareldisstöð <input type="checkbox"/>
			Annað <input type="checkbox"/>				Annað <input type="checkbox"/>
	Heiti		Samþykkisnúmer		Heiti		Samþykkisnúmer
	Heimilisfang				Heimilisfang		
Póstnúmer				Póstnúmer			
I.14. Fermingarstaður		I.15. Brottfarardagur og tími					
Póstnúmer							
I.16. Flutningatæki		I.17. Flutningsaðili					
Flugvél <input type="checkbox"/>		Skip <input type="checkbox"/>	Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/>		Heiti	Samþykkisnúmer	
Ökutæki <input type="checkbox"/>		Annað <input type="checkbox"/>		Heimilisfang			
Auðkenning		Póstnúmer				Aðildarríki	
I.18. Lýsing á vöru					I.19. Vörunúmer (ST-kóði)		
					I.20. Magn		
I.21.					I.22. Fjöldi pakkninga		
I.23. Nr. innsigli/gáms					I.24. Tegund umbúða		
I.25. Vara sem er vottuð:							
Til manneldis <input type="checkbox"/>							
I.26. Umflutningur gegnum þriðja land <input type="checkbox"/>		I.27. Umflutningur um aðildarríki <input type="checkbox"/>					
Þriðja land		ISO-kóði	Aðildarríki		ISO-kóði		
Brottfararstaður		Kóði	Aðildarríki		ISO-kóði		
Komustaður		Nr. skoðunarstöðvar	Aðildarríki		ISO-kóði		
I.28. Útflutningur <input type="checkbox"/>		I.29.					
Þriðja land		ISO-kóði					
Brottfararstaður		Kóði					
I.30.							
I.31. Auðkenning vörunnar		Magn					
Tegund (vísindaheiti)							

EVROPUSAMBANDIÐ

Setning lagareldisdýra eða afurða úr þeim á markað til mannelis

II. hluti: Vottorð	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II. b.
	<p>II.1. Almennar kröfur</p> <p>Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin eða afurðirnar sem um getur í I. hluta þessa vottorðs:</p>		
	<p>II.1.1 uppfylla kröfur um setningu á markað sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 2006/88/EB.</p>		
	<p>II.2 ⁽¹⁾⁽²⁾[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir veirublæði, iðradrepi, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, marteliuveiki, ostruveiki (<i>Bonamia ostreae</i>) og/eða hvítblettaveiki]</p> <p>Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin eða afurðirnar sem um getur hér að ofan:</p>		
	<p>II.2.1 ⁽¹⁾[eiga uppruna sinn í aðildarríki, svæði eða hólfi sem lýst hefur verið laust við ⁽¹⁾[veirublæði] ⁽¹⁾[iðradrep] ⁽¹⁾[blóðþorra] ⁽¹⁾[skjónakarpaherpesveiki] ⁽¹⁾[marteliuveiki] ⁽¹⁾[ostruveiki (<i>Bonamia ostreae</i>)] ⁽¹⁾[hvítblettaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB.]</p>		
	<p>II.3 Kröfur um flutning og merkingar</p> <p>Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að:</p>		
	<p>II.3.1 lagareldisdýrin eða afurðirnar sem um getur hér að ofan,</p> <p>i. eru geymd við aðstæður, m.a. með tilliti til vatnsgæða, sem breyta ekki heilbrigðisástandi þeirra,</p> <p>ii. eins og við á, standast almenn skilyrði fyrir flutningi dýra sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2005,</p>		
	<p>II.3.2 flutningagámurinn eða brunnbáturinn er hreinn og sóttþreinsaður eða hefur ekki verið notaður áður og</p>		
	<p>II.3.3 sendingin er auðkennd með læsilegum merkimiða utan á gáminum, eða, ef sendingin er flutt með brunnbát, í farmskrá skipsins, með viðeigandi upplýsingum sem um getur í reitum I.8 til I.13 í I. hluta þessa vottorðs, og með eftirfarandi yfirlýsingu:</p> <p>„⁽¹⁾[Fiskar] ⁽¹⁾[lindýr] ⁽¹⁾[krabbadýr] sem eru ætluð til ⁽¹⁾[frekari vinnslu] ⁽¹⁾[afgreiðslustöðva eða svipaðra fyrirtækja] ⁽¹⁾[hreinustöðva eða svipaðra fyrirtækja] áður en þau eru notuð til mannelis í Evrópusambandinu“.</p>		
	<p>II.4 ⁽¹⁾⁽³⁾[Vottorð fyrir sendingar sem upprunnar eru á svæði sem fellur undir sjúkdómsvarnarráðstafanir]</p> <p>Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að:</p>		
	<p>II.4.1 <i>annaðhvort</i> ⁽¹⁾[dýrin sem um getur hér að ofan hafa verið skoðuð innan 24 klukkustunda frá fermingu og sýna engin klínísk sjúkdómseinkenni],</p> <p><i>eða</i> ⁽¹⁾[þegar um er að ræða hrogn og lindýr: koma frá eldisstöð eða lindýraeldissvæði þar sem ekkert bendir til að sjúkdómar séu vandamál samkvæmt skráum eldisstöðvarinnar eða lindýraeldissvæðisins],</p>		
	<p>II.4.2 dýrin sem um getur hér að ofan eru upprunnin á svæði sem fellur undir sjúkdómsvarnarráðstafanir er varða ⁽¹⁾[húðsveppadrep] ⁽¹⁾[blóðmyndandi drep] ⁽¹⁾[veirublæði] ⁽¹⁾[iðradrep] ⁽¹⁾[blóðþorra] ⁽¹⁾[skjónakarpaherpes] ⁽¹⁾[<i>Bonamia exitiosa</i>] ⁽¹⁾[þerkinsusveiki] ⁽¹⁾[dvergkornadreyra (<i>Mikrocytos mackini</i>)] ⁽¹⁾[marteliuveiki] ⁽¹⁾[ostruveiki (<i>Bonamia ostreae</i>)] ⁽¹⁾[rauðhala] ⁽¹⁾[gulhöfðaveiki] ⁽¹⁾[hvítblettaveiki] ⁽¹⁾⁽⁴⁾ [eftirfarandi nýtilkominn sjúkdóm:],</p>		
	<p>II.4.3 setja má dýrin sem um getur hér að ofan á markað samkvæmt varnarráðstöfununum sem mælt er fyrir um, og</p>		
	<p>II.4.4 sendingin er auðkennd með læsilegum merkimiða utan á gáminum, eða, ef sendingin er flutt með brunnbát, í farmskrá skipsins, með viðeigandi upplýsingum sem um getur í reitum I.8 til I.13 í I. hluta þessa vottorðs, og með eftirfarandi yfirlýsingu:</p> <p>„⁽¹⁾[Fiskar] ⁽¹⁾[Lindýr] ⁽¹⁾[Krabbadýr] upprunnin á svæði sem fellur undir sjúkdómsvarnarráðstafanir“]</p>		
	<p>II.5 ⁽¹⁾⁽⁵⁾[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir OsHV-1 þvar]</p> <p>Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin, sem um getur hér að ofan,</p>		
	<p><i>annaðhvort</i> ⁽¹⁾[eiga uppruna sinn í aðildarríki eða hólfi:</p> <p>a) þar sem ber að tilkynna lögbæra yfirvaldinu um OsHV-1 þvar og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum þess sjúkdóms,</p>		

EVROPUSAMBANDIÐ

Setning lagareldisdýra eða afurða úr þeim á markað til mannelis

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II. b.
	<p>b) Þar sem öll lagareldisdýr af tegundum, sem eru næmar fyrir OSHV-1 þvar og flutt eru inn í það aðildarríki eða hólfi, eru í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í lið II.5 í þessu vottorði,</p> <p>c) <i>annaðhvort</i> ⁽¹⁾[þar sem farið er að kröfum um sjúkdómaleysi sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í VII. kafla tilskipunar (2006/88/EB,]</p> <p><i>og/eða</i> ⁽¹⁾ [sem, ef um er að ræða sendingar sem eru ætlaðar fyrir aðildarríki eða hólfi sem fellur undir áætlun sem var samþykkt með ákvörðun 2010/221/ESB, falla einnig undir eftirlitsáætlun sem samþykkt var með ákvörðun 2010/221/ESB,]</p> <p><i>eða</i> ⁽¹⁾[hafa verið sett í sóttkví við aðstæður sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.]</p>		
Athugasemdir			
I. hluti:			
<p>– Reitur I.12 og I.13: Ef við á skal nota leyfisnúmer viðkomandi eldisstöðvar, lindýraeldissvæðis eða starfsstöðvar.</p> <p>– Reitur I.19: Nota skal viðeigandi ST-kóða: 0301, 0302, 030270, 0303, 0306 eða 0307,</p> <p>– Reitur I.20 og I.31: Magnið er gefið upp sem heildarfjöldi.</p>			
II. hluti:			
<p>1) Strikið út það sem á ekki við.</p> <p>2) Liður II.2 í þessu vottorði á við um tegundir sem eru smitnæmar fyrir einum eða fleiri af sjúkdómum sem um getur í yfirskriftinni. Smitnæmar tegundir eru tilgreindar í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.</p> <p>Til að leyfi fáiast fyrir flutningi inn í aðildarríki, svæði eða hólfi sem lýst hefur verið laust við veirublæði, iðradrep, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, martelíuveiki, ostruveiki (<i>Bonamia ostreae</i>) eða hvítblettaveiki, eða er með eftirlitsáætlun eða áætlun um útrýmingu sem komið var á fót í samræmi við 1. eða 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB verður að vera hægt að framvísa þessari yfirlýsingu ef sendingin inniheldur tegundir sem eru smitnæmar fyrir sjúkdómi eða sjúkdómum sem sjúkdómaleysið eða áætlunin gildir um, nema ef sendingin er ætluð fyrir vinnslustöðvar sem hafa leyfi í samræmi við 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/88/EB, eða fyrir afgreiðslustöðvar, hreinsunarstöðvar eða svipuð fyrirtæki sem hafa frárennslisshreinsunarkerfi sem gera viðkomandi sjúkdómsvalda óvirka, eða þar sem önnur meðferð frárennslis dregur á viðunandi hátt úr hættunni á að sjúkdómar berist út í náttúrulegt vatn.</p> <p>Gögn um sjúkdómasstöðu hvernar eldisstöðvar og lindýraeldissvæðis í Evrópusambandinu eru aðgengileg á vefslóðinni http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/aquaculture/index_en.htm</p> <p>3) Liður II.4 í þessu vottorði á við um sendingar lagareldisdýra og afurða úr þeim sem vottorð verður að fylgja skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1251/2008 og sem lögbært yfirvald leyfir, í samræmi við kröfur í tilskipun 2006/88/EB um setningu á markað, að séu flutt út af svæði sem fellur undir eftirlitsákvæði sem kveðið er á um í 3. til 6. þætti V. kafla tilskipunar 2006/88/EB eða frá aðildarríki, svæði eða hólfi með áætlun um útrýmingu sem samþykkt hefur verið í samræmi við 2. mgr. 44. gr. þeirra tilskipunar.</p> <p>4) Á við þegar ráðstafanir eru gerðar í samræmi við 41. gr. tilskipunar 2006/88/EB.</p> <p>5) Liður II.5 í þessu vottorði gildir eingöngu um sendingar, sem ætlaðar eru fyrir afgreiðslustöðvar, hreinsunarstöðvar eða svipuð fyrirtæki í aðildarríkjum eða hólfum sem talin eru laus við sjúkdóma, eða þar sem samþykkt hefur verið áætlun í samræmi við ákvörðun 2010/221/ESB varðandi OSHV-1 þvar og sendingin samanstendur af tegundum sem eru taldar upp í C-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 sem næmar fyrir OSHV-1 þvar.</p> <p>Kröfurnar sem settar eru fram í lið II.5 gilda ekki um sendingar sem ætlaðar eru fyrir afgreiðslustöðvar, hreinsunarstöðvar eða svipuð fyrirtæki sem eru búin frárennslisshreinsunarkerfi sem viðkomandi, lögbært yfirvald hefur vottað að geri hjúpaðar veirur óvirkar eða dragi svo að viðunandi teljist úr áhættu á því að sjúkdómar breiðist út í náttúrulegt vatn.</p>			
Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður			
Nafn (með hástöfum):		Menntun, hæfi og titill:	
Staðbundin dýralæknaeining:		Númer dýralæknaeiningar:	
Dagsetning:		Undirskrift:	
Stimpill:			

C-HLUTI

Skrá yfir tegundir sem eru nærmar fyrir sjúkdómum sem landsráðstafanir eru viðurkenndar fyrir samkvæmt ákvörðun 2010/221/ESB

Sjúkdómur	Smitnæmar tegundir
Vorveira í vatnakarpa (SVC)	Eðalkarpi (<i>Aristichthys nobilis</i>), gullfiskur (<i>Carassius auratus</i>), grænkarpur (<i>Carassius carassius</i>), graskarpur (<i>Ctenopharyngodon idellus</i>), vatnakarpur og skjónakarpur (<i>Cyprinus carpio</i>), silfurkarpur (<i>Hypophthalmichthys molitrix</i>), fengrani (<i>Silurus glanis</i>), grunnungur (<i>Tinca tinca</i>) og gullgægir (<i>Leuciscus idus</i>)
Nýrnaveiki (BKD)	Ætt: Laxfiskar (<i>Salmonidae</i>)
Brisdrep (IPN)	Regnbogasilungur (<i>Oncorhynchus mykiss</i>), lindableikja (<i>Salvelinus fontinalis</i>), urriði (<i>Salmo trutta</i>), lax (<i>Salmo salar</i>), og kyrrahafslax (<i>Oncorhynchus spp.</i>) og tjarnasíld (<i>Coregonus lavaretus</i>)
Sýking af völdum roðflyðrusýkils (<i>Gyrodactylus salaris</i>)	Lax (<i>Salmo salar</i>), regnbogasilungur (<i>Oncorhynchus mykiss</i>), bleikja (<i>Salvelinus alpinus</i>), lindableikja (<i>Salvelinus fontinalis</i>), harri (<i>Thymallus thymallus</i>), blettasilungur (<i>Salvelinus namaycush</i>) og urriði (<i>Salmo trutta</i>)
Herpesveira 1 μvar í ostrum (OsHV-1 μvar)	Kyrrahafsostra (<i>Crassostrea gigas</i>) ⁴⁴